

Starfsmannastefna Isavia ohf.

1. Tilgangur og umfang

Starfsmannastefna Isavia byggir á og endurspeglar meginstefnu félagsins og gildi þess. Starfsmannastefnan lýsir því hvernig Isavia ætlar að velja og undirbúa starfsmenn til að ná þeim árangri sem stefnt er að og stuðla um leið að almennri starfsánægju og góðum starfsanda.

2. Stefna

Stefna Isavia er að gera starfsmönnum kleift að samhæfa starf og fjölskylduábyrgð, fyrirtækinu til hagsbóta og starfsmönnum til aukinna lífsgæða.

3. Markmið

- Við leggjum mikla áherslu á að allir starfsmenn þekki kröfur sem gerðar eru til þeirra og snerta öryggi, þar með talin eru lög og reglur um vinnuvernd. Aðstæður á vinnustað hafa áhrif á heilsu starfsmanna því viljum við búa þeim öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi. Isavia hvetur og styrkir starfsmenn sína til að stunda reglubundna líkamsrækt og lifa heilbrigðu lífi.
- Starfsmenn Isavia skulu búa yfir þjónustulund og leggja sig fram um að veita góða og persónulega þjónustu. Starfsmenn eiga vinna störf sín af alúð og samvirkusemi og bera virðingu hver fyrir öðrum. Einelti og kynferðisleg áreitni er ekki undir neinum kringumstæðum liðin.
- Við ráðum til starfa hæfasta starfsfólk sem völ er á hverju sinni og allar ráðningar byggjast á hæfni, menntun og starfsreynslu. Við ráðningar og framgang í starfi fylgjum við jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun Isavia.
- Það er stefna Isavia að tryggja öllum starfsmönnum viðeigandi þjálfun og stuðla að því að starfsmenn hafi þá hæfni sem til þarf til að ná góðum árangri í störfum sínum. Starfsmenn bera einnig sjálfir mikla ábyrgð á því að viðhalda eigin menntun og færni. Í fræðslustarfi Isavia er lögð áhersla á að starfsfólk fái:
 - Markvissa grunnþjálfun ásamt endurmenntun og síþjálfun
 - Fjölbreytta fræðslu sem stuðlar að því að efla einstaklinginn, auka starfsánægju og gera starfið í fyrirtækinu árangursríkt
 - Einnig standa starfsmönnum til boða styrkir til að sækja nám/fræðslu utan fyrirtækisins.
- Fjölskylda og nánustu aðstandendur starfsmanna eru ein mikilvægasta undirstaðan fyrir farsælan starfsferil og árangur í starfi. Því er mikilvægt að jafnvægi ríki ávallt milli vinnu og einkalífs.
- Við tökum vel á móti nýju starfsfólki og veitum því tækifæri til aðlögunar og starfsþjálfunar. Því er það mikilvægt að allir taki höndum saman til að lágmarka þann tíma til að gera nýja starfsmenn virka og ánægða. Í þessu felst t.d. skýrar starfslýsingar, kynning



á samstarfsfólki, vinnustað, réttindum og skyldum. Isavia leggur áherslu á stundvísi og að starfsfólk sinni starfi sínu af trúmennsku.

- Forsenda þess að Isavia geti veitt viðskiptavinum sínum fyrsta flokks þjónustu er að starfsmenn búi sjálfir við öryggi og ánægju í starfi.

4. Annað

Stefnan skal kynnt fyrir starfsfólki og vera aðgengileg á innra neti félagsins.

Stefna þessi er í gildi og ber framkvæmdastjóri ábyrgð á framfylgd hennar.

Þannig samþykkt af forstjóra Isavia.